

## **Úrskurður Samgöngustofu nr. 7/2023 vegna kvörtunar um seinkun á flugi Atlantic Airways nr. RC402 þann 13. júlí 2022.**

### **I. Erindi**

Þann 26. júlí 2022 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá AB (kvartendur).

Kvartendur áttu bókað far með flugi Atlantic Airways (AA) nr. RC402 þann 13. júlí 2022 frá Keflavík til Vágar í Færeyjum og seinkaði komu flugsins um fjórar klukkustundir og eina mínútu.

Kvartendur fara fram á staðlaðar skaðabætur á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum.

### **II. Málavextir og bréfaskipti**

Kvörtunin var send AA til umsagnar þann 26. júlí 2022. Í svari AA sem barst þann 26. ágúst 2022 kom eftirfarandi fram:

First of all, we sincerely apologise for the inconvenience caused by the delay of our flight RC402 from Keflavik to the Faroe Islands on July 13<sup>th</sup> 2022.

RC402 was delayed from Keflavik to the Faroe Islands due to several priors delays that occurred due to bad weather conditions in the Faroe Islands on July 11<sup>th</sup> and July 12<sup>th</sup> 2022.

With reference to your request for compensation, due to your clients delayed flight, we unfortunately must inform you that Atlantic Airways cannot offer to pay compensation.

Please find enclosed the Metar and TAF for Vagar Airport on July 12<sup>th</sup>, 2022.

From the Metar you can see that at 09:20Z 25013G30KT 3300 -RA BR OVC003 11/10/// RMK OVC005///WIND SKEID VRB23G70KT. Which means wind direction is Southwest (250°) average wind is 13 Knots (KT) with Gusts (G) at 30 Knots (KT), visibility is 3300 meters, Light Rain (-RA), Broken Clouds (BR) and Overcast clouds in 300 feet. Remark (RMK) Overcast clouds in 500 feet, Wind in 850 feet (WIND SKEID) wind direction is Variable (VRB) average wind is 23 Knots with Gusts (G) at 70 Knots.

According to regulation (EC) No 261/2004 of the European Parliament and of the Council of 11 February 2004, article 5, section 3, Atlantic Airways is not obliged to pay compensation if Atlantic Airways can prove that the delay is caused by extraordinary circumstances which could not have been avoided even if all reasonable measures had been taken. Further, it follows from the Regulation as well as from extensive case law

from the European Court of Justice that weather conditions which are incompatible with the conduct of a flight constitute an extraordinary circumstance. Likewise, it has been concluded in several cases that weather conditions that delay or cancel one flight also constitute an extraordinary circumstance for delays or cancellations that occur on subsequent flights when these delays are a consequence of the first delay.

Atlantic Airways took all reasonable measures to limit the delay for passengers on route RC402.

On this basis, Atlantic Airways is exempt from the obligation to pay compensation in accordance with Art. 5 section 3, and we can therefore not offer to pay compensation.

Please do also note that there are only 3 airlines operating flights to the Faroe Islands, Atlantic Airways, Wideroe and SAS as you can see here: <https://www.fae.fo/en/about-vagar-airport/regular-destinations/>.

And that there is only one airport in the Faroe Islands: <https://www.fae.fo/en/about-vagar-airport/history/>

SGS sendi kvartendum umsögn AA þann 26. ágúst 2022. Í svari kvartenda sem barst samdægurs kom eftirfarandi fram:

*RC402 was delayed from Keflavik to the Faroe Islands due to several priors delays that occurred due to bad weather conditions in the Faroe Islands on July 11th and July 12th 2022 .*

Ekki er deilt um að stormur skall á Færeyjum mánudaginn 11. júlí og lá flug að mestu leiti niðri þann dag, en einhverjar flugferðir áttu sér þó stað snemma þann morgun. Flugfélagið ber fyrir sig að ástæða tafar tveimur dögum síðar megi einnig rekja til slæms veður daginn eftir, eða þriðjudaginn 12. júlí og hengir við verður skýrslu fyrir tímabilið 5:00 – 15:00 12-07-22. Á því tímabili eru hins vegar í það minnsta 8\* landingar/flugtök hjá vélum félagsins sbr.:

**Meðal landinga á Vága flugvelli (FAE) þann 12. Júlí 2022 voru:**

RC1425 frá Kaupmannahöfn (CPH) – 07:38\*

RC1471 frá Billund (BLL) – 13:17\*

RC1402 frá Keflavík (KEF) – 13:30\*

RC1453 frá Keflavík (KEF) – 13:40\*

RC1459 frá Kaupmannahöfn (CPH) – 19:59

RC1415 frá Edinborg (EDI) – 20:28

**Meðal brottfara frá Vága flugvelli (FAE) þann 12. Júlí 2022 voru:**

RC450 til Kaupmannahafnar (CPH) – 08:19\* (on time)

RC1470 til Billund (BLL) – 08:46\*

RC1460 til Kaupmannahafnar (CPH) – 14:23\*

RC1414 til Edinborgar (EDI) – 15:11\*

RC480 til Álaborgar (AAL) – 20:21

RC1458 til Kaupmannahafnar (CPH) – 21:28

Það vekur enga furðu að ekki séu landingar eða brottfarir á tímabilinu 8:46 til 13:17, enda allar vélar félagsins erlendis á þeim tíma. Þrátt fyrir bæði flugtök og landingar frá kl. 7:38 til 8:46 stóðu tvær vélar í Keflavík, sem beðið höfðu þar um nóttina vegna

veðursins deginum áður og lentu ekki fyrr en 13:30. Því verður því ekki neitað að Vága flugvöllur (FAE) var fær og í notkun þann 12. Júlí 2022.

*Atlantic Airways took all reasonable measures to limit the delay for passengers on route RC402.*

Það er að sjálfsögðu lífsins ómögulegt fyrir farþega / leikmann að gera sér grein fyrir því hvað geta talist *skynsamlegar ráðstafanir* í þessum efnum. Undirritaður hefur þó ferðast þó nokkuð mikið frá barnæsku og þar af leiðandi orðið fyrir ýmsum óvæntum atvikum sem flugfélögin hafa þurft að bregðast við. Þar má nefna skyndilega leigu á vél, sameiningu farþega í flug o.s.frv

Eins og bent var á hér að ofan stóðu tvær vélar félagsins í Keflavík aðfararnótt 12. Júlí, eftir að hafa beðið storminn af sér þá um nóttina. Hvers vegna var þessum vélum ekki flugið fyrr af stað frá Íslandi þann 12. júlí, þegar ljóst var að flugvöllurinn var orðinn fær? Var það vegna hvíldartíma áhafnar eða annara þátta sem falla ekki undir A5, S3? *Atlantic Airways* hljóta að þurfa að skýra það nánar hvaða *skynsamlegu ráðstöfunum* þeir beittu í þessu tiltekna tilviki eða hvaða tilraunir voru gerðar til þess. Skýrslur um flugumferð gefa þó til kynna að eins ráðstafanir félagsins hafi verið að keyra seinkaða áætlun sína á sem mestum hraða til þess að vinna hana upp á nokkrum dögum.

*Please do also note that there are only 3 airlines operating flights to the Faroe Islands, Atlantic Airways, Wideroe and SAS*

Það getur nú varla talist á ábyrgð farþega hversu mörg flugfélög kjósa að fljúga til Færeyja og hæpið að það geti skert bótarétt þeirra. Hér snýst málið um það hversu lengi flugfélag getur borðið fyrir sig óviðráðanlegar aðstæður – hér *veður* – dagana eftir að slíkar aðstæður koma upp. Hversu lengi getur talist *eðlilegt* að flugfélag velti seinkunum sínum áfram inn í áætlun sinna í kjölfar aðstæðna sem þeir í grunninn bera enga ábyrgð þá.

Ef vont veður tefur flug á flugvelli á mánudegi, hvenær hættir það að teljast óviðráðanlegt? Er það á þriðjudegi? Eða á miðvikudegi, eins og í mínu tilviki? Eða fimmtudegi, jafnvel föstudegi? Er það kannski vika?

Það er klárt mál að flugfélög hafa í ákveðin úrræði að sækja enda talað um *reasonable measures* í þeim efnum. Ég fæ ekki séð að *Atlantic Airways* hafi skýrt það á nokkurn hátt.

Óvenjulegar aðstæður (*extraordinary circumstances*) höfðu **ekki** bein áhrif á flug RC402 miðvikudaginn 13. júlí 2022, enda stóðu þær yfir tveimur dögum áður þann 11. júlí og var lokið að morgni þess 12. þegar FAE flugvöllur opnaði aftur fyrir flugumferð. Ég hafna því alfarið að félagið sé ekki bótaskyldt og geti borið fyrir *sig regulation (EC) No 261/2004 of the European Parliament and of the Council of 11 February 2004, article 5, section 3.*

### III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Samgöngustofa fer með eftirlit með réttindum neytenda samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir nr. 80/2022 og skal grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að réttindi farþega séu virt, sbr. 2. mgr. 207. gr. laganna.

Farþegar og aðrir sem eiga hagsmuna að gæta geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni samkvæmt ákvæðum XVI. kafla laga um loftferðir til Samgöngustofu, sbr. 1. mgr. 208. gr. laganna. Náist ekki samkomulag eða sátt skal Samgöngustofa skera úr ágreiningi með úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 204. gr. sömu laga er flugrekanda skylt að veita farþegum aðstoð og eftir atvikum greiða þeim bætur, í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í reglugerð sem ráðherra setur, ef: tjón hefur orðið vegna tafa á flutningi, farþega er neitað um far, flugi er aflýst eða þegar flutningi er flýtt.

Um réttindi flugfarþega er fjallað í reglugerð EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1048/2012. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 1048/2012 er Samgöngustofa sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Loftferðalögum nr. 80/2022 og reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan samkvæmt reglugerð EB nr. 261/2004 er réttur farþega til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðarinnar sé um að ræða aflýsingu eða mikla seinkun á brottfarartíma flugs og ber að skýra undantekningarreglu 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar þröngt, sbr. dóm Evrópudómstólsins frá 22. desember 2008, í máli C-549/07 Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð EB nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi sínu sbr. 6. gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr.

Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum seinna eða meira en upprunalega áætlun flugrekandans kvað á um, eiga rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Fyrir liggur í málinu að kvartandi átti bókað far með flugi nr. RC402 frá Keflavík til Vágar þann 13. júlí 2022 og að komu flugsins seinkaði um fjórar klukkustundir og eina mínútu.

Álitaefni þessa máls er hvort að seinkun á flugi nr. RC402 þann 13. júlí 2022 er bótaskyldt á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004.

Í því samhengi kemur til skoðunar hvort að seinkun á flugi kvartanda megi rekja til óviðráðanlegra aðstæðna í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004.

Í svari AA vegna kvörtunar kvartanda vísaði flugrekandinn til þess að ekki væri um bótaábyrgð að ræða vegna seinkun á flugi nr. RC402 þann 13. júlí 2022. Þar sem umrædd seinkun félli í flokk óviðráðanlegra aðstæðna samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Sökum slæmra veðuraðstæðna í Vágar þann 11. og 12. júlí.

AA hefur lagt fram gögn við meðferð málsins sem sýna fram á erfiðar veðuraðstæður á flugvælinum í Vágar þann 12. júlí 2022. Við meðferð málsins var sérfræðingur SGS í flugrekstrardeild, beðin um að leggja mat á framlögð veðurgögn AA. Í svari sérfræðingsins kom fram eftirfarandi:

„Mér sýnist völlumurinn í Vágar hafa verið lokaður að miklu leiti 12. Júlí og vélin sem flaug KEF flugið flaug Vágar-Barcelona-Vágar um nóttina 13. júlí, átti að fara 09:00 um morguninn 12. júlí. Hún fer beint til KEF eftir að hafa lent aftur í Vágar frá Barcelona.“

Með hliðsjón af framangreindu og þeim upplýsingum sem koma fram í svari sérfræðings SGS. Er það mat SGS að flugrekandi í máli þessu hefur sýnt fram á að veðuraðstæður voru slæmar í Vágar þann 12. júlí 2022 sem orsakaði keðjuverkandi seinkunaráhrif á flug kvartanda.

Telur SGS því að rekja megi seinkun á flugi kvartanda til óviðráðanlegra aðstæðna sbr. 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012. Eru skilyrði bótaskyldu skv. 7. gr. reglugerðarinnar því ekki uppfyllt.

### *Úrskurðarorð*

Kröfu kvartanda um staðlaðar skaðabætur úr hendi Atlantic Airways skv. reglugerð EB nr. 261/2004, sbr. reglugerð 1048/2012, er hafnað.

Samkvæmt 4. mgr. 208. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 verður úrskurði Samgöngustofu ekki skotið til annarra stjórnvalda. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta.

Reykjavík, 17. febrúar 2023.

Ómar Sveinsson

Rúnar Gunnarsson

Andri